

==F==e==l==l==.

Jörð í Skeggjastaðahrepp, næst vestan við Sóleyjarvelli, sama um örnefni hér og fyrr, hér fór Friðrik Ólafsson á Felli yfir safn Þórarins til endurbóta.

Jörð þessi mun að fernu hafa heitið Smyrlafell, en all- langt er síðan að þessi stytting fór að skjóta upp kollinum. Þar- inn stendur skammt frá sjó ofan Þjóðvegur í hallandi túni, sem hallar niður að Finnafirði. Finna fjörður (1). Í Finna fjörð rennur Finna fjardar (2) sem er á merkjum móti Saurbæ, og verður nú talið frá henni. Þar er þá fyrzt inn við fjardarbotn er fjara, sem heitir Suðurkrókur (3), þar upp af Borgarmýri (4), sem dregur nafn af fjárborg. Borg (5), sem var þar milli Finna fjardar og Rauða- lækjar, þá er einnig upp af Suður krók Laxamór (6), það er mel- hryggur eða jarðbakki, sem liggur þvert fyrir ofan við Borgarmýri. Þá er Laxamótjörn (7), og við Laxamóa rennur Krókavatnsá (8) í Finna fjardar. Þess má geta hér, að Finna fjardar kemur úr Finna- tjörn, en sú tjörn er nefnd Leirtjörn á korti.

Þá ferum við ökkur og förum út á merki móti Sóleyjar- völlum, þar er þá fyrst Malarhorn (9) þar við sjóinn þar uppi á bökkunum er Marksteinn (10), sbr. Sóleyjarvelli; þar skammt innar er djúp kvos inn í bakkann, sem nær alveg upp að vegi, og er þar handrið við, þessi kvos heitir Bolabás (11). Beint upp af henni heita Kúalágar (12), og eftir þeim kemur Kúalágalekur (13). Innar við Bolabás er Krummanef (14), þar er þúfa fremst á bakkanum, þar upp af byrjar svo Bæjarbrekkan (15), sem nær inn fyrir bæ.

Þá aftur niður í fjöru. Næsti bás heitir Skipafjara (16), þetta er slétt fjara, þar sem reki er, og klettur liggja að henni, þar næst uppaf Skipafjöru er túnið. Þegar kemur inn fyrir túnið, inn undir svonefndan Stekkjarlæk (17), þar er Selsker (18), sem efer í kaf um flóð, þar innan við Stekkjarlæk taka við Klappir (19), sem ná inn að Sauða (20), sem er smá. Þar innaf rís svo upp Nónfjall (21) í því er Nónfjallsskál (22).

Innar við Sauða taka við Malir (23), þar heitir fyrst Langafjara (24), og þar innar næstum innundir fjardarbotni er Stóra horn (25). En Malirnar eru upp af Löngufjöru og Stórahorni, svo eru klettur upp af Mölunum sem heita Stórusteinar (26), þeir eru niður af Nónskálinni. Innar við Stórusteina tekur við í fjörunni Norðurkrókur (27), þá er Rauðilækur (28) sem kemur ofan úr Dýja- brekku, og þar austar er Suðurkrókur. Þar upp af er Bergin, sem

fyrir var getið, en það eru gömul heitarhús, sem lögð voru niður 1951.

Þá er komið aftur að Finnaþjóðarará, sem rennur í Finnaþjóð. Skammt utan við ármótin er í henni Laxafoss (29). En Ármót (30) er nefnt, þar sem Krókavatnsá rennur í hana. Þá tókum við tunguna, sem þessar ár mynda.

Næst milli þeirra er Matarklettsnes (31). Þar var tekinn biti í göngum, í nesinu er skarð, sem nefnt er Byrgi (32). Þar nokkuð ofar mitt milli ána er stór og mikill steinn, sem heitir Vegasteinn (33) og stendur þar á sléttum klöppum. Svo eru þar gamlar tættur nær Finnaþjóðarará, er heita Hávarstaðir (34), ör-fáar tættur, fjögur hús grafin í hól, ekki neitt tún. Þá er næst Tjaldhæðarlækur (syðri (35)), kemur þessi lækur út úr Tjaldhæð og rennur í Finnaþjóðarará, nokkuð utan við Pétursstaði, svo er Ytri-Tjaldhæðarlækur (36), sem einnig kemur úr Tjaldhæð og rennur í Krókavatnsá. Milli þessara lækja eru smátjarnir, sem heita Silungstjarnir (37), og inn af þeim er Silungstjarnaflói (38).

Innan við Syðri-Tjaldhæðarlæk er Pétursstaðavatn (39), og túnið á Pétursstöðum liggur að vatninu. Á Pétursstöðum (40) eru miklar tættur, samstaðuhús og fjárrétt. Þarna bjó Pétur Pétursson, og jörðin var byggð 1851-67. Í gegn um túnið rennur svo lækur, sem heitir Pétursstaðalækur (41). Svo taka við sléttir flóar, er ná inn að Olnboga (42), en það er vinkilbeygja, sem Finnaþjóðarará myndar, og innst í þessum flóa utan við Olnboga heitir Sandhólar (43). Útnorður af flóanum er svo Þverfell (44), og þar er Þverfellshorn (45). Af Þverfelli er svo Tjaldhæð (46), sem fyr var getið. Þá er enn norðar á sama hæðarhrygg Krókavatnsá (47), rétt innan við Krókavatn (48), sem Krókavatnsá kemur úr, og fram í vatnið liggur Krókavatnstangi (49). Hér vantar á þetta svæði utast á Þverfelli er Þverfellshali (50) og Finnatjörn (51), sem er upptök Finnaþjóðarará.

Þá förum við aftur að Laxamá, á honum var Laxamáatjörn fyrir getna. Norður af Berginni milli Suður- og Norðurkróks er Bergargil (52), eftir því rennur Rauðilækur. Upp af Laxamá heitir taka við Dýjabrekkur (53). Út af Dýjabrekkum er Þórbarbrekka (54). Niður af henni er Lómatjörn (55). Fast með ánni innan við Dýjabrekkum þar fast með ánni eru þrjár flóar hver upp af öðrum, sem allir heita Goðvatnsflóar (56). Og uppfrá þeim kippkorn frá ánni til norðausturs er Goðvatn (57). Ofan við Goðvatn er Goðvatnskriki (58). En úr Goðvatni rennur Goðvatnslækur (59) gegnum öll vötnin. Þar norður af eru Draghólar (60) og þar til suðausturs er Sandhöfði (61). Yzt í Draghólum er Draghólagreni (62). Niður af Sandhöfða heitir

Háurð (63) en neðan hennar eru nafnlausar lyngbrekkur.

Ef við förum aftur upp að Krókavatni, út frá því er Þernuvatn (64) út af því er landssvæði, sem kallað er Skörð (65), þar eru urðir og flóar á milli. Í þeim er lækur sem heitir Þernuvatnslækur (66). Í gegn um Skörðin lá gamli vegurinn. Niður af Skörðum er Sauðvatn (67), og Sauðvatnsleirur (68) er flóinn kringur um það. Þetta er út af Sauðhöfðanum og niður af Skörðum. Um 100 m. vestur af Sauðvatni er Sauðhöfðagren (69), og Háurðargren (70) er syðst í Háurðarhorni. Úr Sauðvatni rennur Sauðá, sem fyrr var getið, og er þá allt búið sunnan hennar nema Þverfellsgren (71) við tjörn austur af landmælingavörðu. og Tjaldhæðargren (72) um 1 1/2 km norðvestur af Silungatjörnum, og Silungatjarnargren (73) skammt norðvestur af Silungatjörnum.

Á há Brekknahéiði (74), en það er fjallvegurinn frá Þórshöfn og suður á Langanesstrandir, þar á háheiidinni er svo nefnd Lautinantsvarða (75), er út af Þernuvatninu. Norðan við Sauðána, niður frá vörðunni, eru fyrst urðir, en síðar taka við Þrívörðubrekkur (76), og Ásbjarnarflaga (77) er milli brekknanna og Fjallshala (78). Flagan dregur nafn af Ásbirni, sem bjó hér og sló þetta svæði. Milli Fjallshala og Þrívörðubrekku heitir Sauðanesgróf (79), var við götu, sem lá að Sauðanesi. Þá er næst Sláttauflói (80) sem er hér beint upp af bænum. Það er rétt að geta þess, að Fjallshalinn er framhald af Smyrlafellinu (81), sem er norðaustur frá bæ. Niður af Sláttauflóa er Sláttubrekka (82).

Þá er hér næst ofan við girðinguna Bæjarhvammur (83), og Miðaftansfjall (84) er vestur af Bæjarhvammi. ^{Þar á} milli er lækur, Stekkjarlækur. Niður af Miðaftansfjalli heita Botnar (85), graslend og þar á milli er Vörðufló (86). Inn af Miðaftansfjalli er svo Þórðarbrekka, sem fyrr var getið, þar niður af er Krókbrekka, og þar niður af er Nónfjall. Þá mun hringurinn lokaður. Stekkjarlækurinn rennur um Botnana. Eitt hefur orðið hér eftir, það er Stapi (87), sem er smádrangur milli Krummanefs og Skipafjöru.

Staðfrófskrá yfir Fells örnefni.

Ármót	30	Olnbogi	42
Ásbjarnarflaga	77	Pétursstaðalækur	41
Bolabás	11	Pétursstaðavatn	39
Borg	5	Pétursstaðir	40
Borgargil	52	Rauðilækur	28
Botnar	85	Sandhólar	43
Brekknabeiði	74	Sauðá	20
Byrgi	32	Sauðárhöfðagren	79
Bæjarbrekka	15	Sauðárhöfði	61
Bæjarhvammur	83	Sauðárvatn	67
Draghólagren	62	Sauðárvatnsleirur	68
Draghólar	60	Sauðanesgróf	79
Dýjabrekka	53	Selsker	18
Finnafjarðará	2	Silungstjarnafló	38
Finnafjörður	1	Silungstjarnagren	73
Finnatjörn	51	Silungstjarnir	37
Fjallshali	78	Skipafjara	16
- Göðavatn	57	Skörð	65
- Göðavatnsflóar	56	Sláttubrekka	82
- Göðavatnskriki	58	Sláttuflói	80
- Göðavatnslækur	59	Smyrlafell	81
Háurð	63	Stapi	87
Háurðargren	70	Stekkjarlækur	17
Hávarðsstaðir	34	Stórahorn	25
Klappir	19	Stórusteinar	26
Krókavatn	48	Suðurkrókur	3
Krókavatnsá	8	Tjaldhæð	46
Krókavatnshæð	47	Tjaldhæðargren	72
Krókavatnstangi	49	Tjaldhæðarlækur syðri	35
Krummanef	14	Tjaldhæðarlækur ytri	36
Kúalágarlækur	13	Vegasteinn	33
Kúalágar	12	Vörðufló	86
Langafjara	24	Þernuvatn	64
Lautinantsvarða	75	Þernuvatnslækur	66
Laxamótjörn	7	Þórðarbrekka	54
Laxamór	6	Þrívörðubrekkur	76
Laxafóss	29	Þverfell	44
Lómatjörn	55	Þverfellsgren	71
Málarhorn	9	Þverfellsshali	50
Malir	23	Þverfellsshorn	45
Marksteinn	10		
Matarklettsnes	31		
Miðeftansfjall	84		
Norðurkrókur	27		
Nónfjall	21		
Nónfjallsskál	22		

Norður-Múlasýsla

Skeggjastaðahreppur

Fell

Gott væri að fá svör við eftirfarandi spurningum, ef hægt væri:

- 1) Voru bátar geymdir í Skipafjöru?
- 2) Eru stekkjarmót sjáanleg við Stekkjarmót? Er vitað, hvenær sá stekkur var síðast notaður?
- 3) Voru gangnamenn vanir að tjalda á Tjaldhæð?
- 4) Er vitað um tilefni nafnanna Dórðarmót, Lautinantsvarða og Ásbjarnarmót?
- 5) Koma fram í skránni öll örnefni, sem þekkt eru í landareigninni?
- 6) Eru lýsingar örnefnanna nægilega ýtarlegar?